

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur  
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp  
borgarstjórnar**

Árið 2025, þriðjudaginn 11. febrúar kl. 10:10 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1194. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin. Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Margrét Pálína Cassaro, Sigrún Reynisdóttir og Sigurður Stefán Karlsson.

Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

**Þetta gerðist:**

1. Arngrímsgata 5 - USK25020043

Sótt er um leyfi til að breyta flokkun og innra skipulagi þannig að veitingastaður verður í flokki II á 1. hæð í húsi Íslenskra fræða á lóð nr. 5 við Arngrímsgötu.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

2. Austurbrún 31 - USK24090379

Sótt er um leyfi til að innrétta íbúð í mhl. 01 og aukaíbúð í 02 á lóð nr. 31 við Austurbrún. Erindið var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Austurbrún 29 og 33 og Kamsvegi 20 og 22. frá 29. nóvember 2024 til og með 3. janúar 2025.

Engar athugasemdir bárust. Frestað. Vísað til athugasemda.

3. Álfheimar 74 - USK24120173

Sótt er um leyfi til að stækka golfherma og sjúkraþjálfunarstöð í rými 0114 inn í áður lokað rými í húsi nr. 74 við Álfheima.

Frestað. Vísað til athugasemda.

4. Ármúli 34 - USK25010277

Sótt er um leyfi til að innrétta "Konukot" fyrir 12 skjólstæðinga á 2. hæð og tímabundið búsetuúrræði fyrir 6 skjólstæðinga á 3. hæð í húsi á lóð nr. 34 við Ármúla.

Erindi fylgir staðfesting vegna brunaviðvörðunarkerfis dags. 16. apríl 2024 og úttekt á brunaviðvörðunarkerfi dags. 28. júní 2024.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

5. Ármúli 6 - USK25010309

Sótt er um leyfi til að að breyta erindi BN060954 með því að setja pallalyftu við ramp á fyrstu hæð, snúa opunarátt starfsmannasalernis og útbúa aðgengishlið barna við matsal í húsi nr. 6 við Ármúla.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

6. Ármúli 7 - USK24110323

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK22122941 þ.a.l. er sótt um áður gerðar breytingar á lóð nr. 7 við Ármúla. Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 21. mars 2023.

Frestað. Lagfæra skráningu.

7. Ármúli 9 - USK24110321

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi í atvinnuhúsi á lóð nr. 9 við Ármúla. Erindi fylgir mæliblað 1.263.0 dags. 1. október 1975 og hæðarblað dags. 18. september 1974.

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

8. Barmahlíð 6 - USK25010022

Sótt er um leyfi til að gera glugga og hurðir og innréttu aukaíbúð í bílskúr, mhl. 02, á lóð nr. 6 við Barmahlíð.

Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa 28. nóvember 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

9. Borgartún 41 - USK24090172

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061778 þannig að innra skipulagi í geymsluhluta kjallara er breytt, reyklúgur uppfærðar, svalalokanir gerðar á allar svalir og skráning uppfærð í fjölbýlishúsi á lóð nr. 41 við Borgartún.

Stærð, A-rými: 14.394,6 ferm. + 459,6 ferm., 50.200 rúmm.

B-rými: 213,1 ferm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

10. Brautarholt 1 - USK24120062

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu úr timbri við suðvesturhlið og til að breyta innra skipulagi í golfskála á lóðinni Brautarholt I með landnúmer 125660.

Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra dags. 6. desember 2024, greinargerð um brunavarnir dags. 2. desember 2024,bréf hönnuðar dags. 23. janúar 2025 og svör við athugasemdum.

Stækkun: 144 ferm.

Eftir stækkun: 290,8 ferm., 932,3 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

11. Brautarholt 16 - USK24030336

Sótt er um leyfi til að hækka rishæð, fjarlægja austara stigahús, breyta gluggum, byggja svalir, koma fyrir lyftu og innréttu gististað í flokki II, teg. b., 32 gistirými fyrir 70 gesti á efri hæðum, verslunarrými á jarðhæð, gera þaksvalir á vesturbyggingu, sameina mhl. 02 og 03 og innréttu tvær vinnustofur og sorpgeymslu í bakhúsi á lóð nr. 16 við Brautarholt.

Stækkun: 208,2 ferm., 1.279,5 rúmm.

Eftir stækkun: 1.469,3 ferm., 5.784,7 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. júlí 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til grenndarkynningar.

12. Brautarholt 4 - USK24060206

Sótt er um leyfi að breyta innra skipulagi 1.,2. og 3.hæðar í gistiheimili með því að fjölga herbergjum bæta við starfsmannaaðstöðu og eldhúsi á lóð nr.4 við Brautarholti  
Erindi fylgir Hæðarblað 1.241.2 dags. 10.9.2020, yfirlit breytinga dags.11. desember 2018.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar og/eða til grenndarkynningar hjá skipulagsfulltrúa.

13. Bárugata 15 - USK24110095

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á íbúðarhúsi, mhl.01, og til þess að breyta notkun teiknistofu, rými 0101, mhl.02, í íbúð og til þess að sameina í einn alla matshluta á lóð nr. 15 við Bárugötu.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 5. desember og samþykki meðeiganda í húsi dags. 9. nóvember 2024. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. febrúar 2025 fylgir erindi.

Frestað. Vísað til athugasemda.

14. Básiendi 9 - USK25020077

Sótt er um leyfi til að breyta umsókn USK23110278 vegna lokaúttektar sem felst í að bílskúr færist nær húsi og þakskyggni lengt í hús á lóð nr.9 við Básienda.

Frestað. Vísað til athugasemda.

15. Bíldshöfði 9 - USK25010056

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og innréttu gólfherma- og pílustað sem rúmar allt að 100 gesti með veitingasölu í flokki II teg f, í rými 0105 í verslunar-og lagerhúsi, mhl.01 á lóð nr. 9 við Bíldshöfða.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 6. nóvember 2018.

Frestað. Vísað til athugasemda.

16. Bústaðavegur 9 - USK24100245

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun á skrifstofuhúsnæði í skólahúsnæði í húsi á lóð nr. 9 við Bústaðaveg.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

17. Einarsnes 64 - USK25020049

Sótt er um leyfi til að endurbyggja og stækka bílskúr við einbýlishús á lóð nr. 64 við Einarsnes.

Stækkun: 6,9 ferm.

Erindi fylgja gögn um deiliskipulagsbreytingu sem auglýst var í B-deild 27. júlí 2022.

Frestað. Vísað til athugasemda.

18. Einarsnes 66A - USK25020047

Sótt er um leyfi til að endurbyggja og stækka bílskúr ásamt því að gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og anddyri sem hefur verið rifið við einbýlishús á lóð nr. 66 við Einarsnes.

Erindi fylgja gögn um deiliskipulagsbreytingu sem auglýst var í B-deild 27. júlí 2022.

Stækkun: 20,7 ferm.

Stærð eftir breytingu: 223,1 ferm., 524,7 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

19. Eirhöfði 1 - USK25010176

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23020319 þannig að tafla fyrir báða áfanga er sameinuð, veggjapýkkir og reyklosun er breytt til samræmis við verkeikningar ásamt því að innra skipulagi íbúða, gluggum og hurðum er breytt í fjölbýlishúsum á lóð nr. 1 við Eirhöfða. Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

20. Eirhöfði 8 - USK24090157

Sótt er um leyfi til að byggja þrjú 4-6 hæða steinsteypt fjölbýlishús með 133 íbúðum á bílakjallara með 83 stæðum á lóð nr. 8 við Eirhöfða.

Erindi fylgir mæliblað, brunahönnun frá Örugg dags. 15. júlí 2024, greinargerð um algilda hönnun dags. 23. janúar 2025, greinargerð um mengunarrannsóknir frá Eflu dags. 6. janúar 2025 og greinargerð um hljóðvist frá Myrru dags. 28. júní 2024.

Einnig eru lagðar fram skilmálabreyting deiliskipulags dags. 30 maí 2024 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. mars 2024,

Stærð, A-rými: 16.971,1 ferm., 53.982,4 rúmm.

B-rými: 970,8 ferm.,

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífir áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

#### 21. Fiskislóð 39 - USK24110092

Sótt er um leyfi til þess að breyt innra skipulagi í atvinnuhúsnæði á lóð nr. 39 við Fiskislóð Stærðir:  
Ferm.71,6

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### 22. Fossvogsvegur 8 - USK24120034

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054678, m.a. eru þaksvalir stækkaðar, skábrautir í kjallara felldar út, gluggum bætt við á snyrtingum á 2. hæð og á vesturhlið kjallara, tröppur að garði gerðar á austurgafli ásamt ýmsum minni háttar breytingum á útliti, innra skipulagi og skráningu fjölbýlishúss á lóð nr. 2-8 við Fossvogsveg.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

#### 23. Grenimelur 45 - USK25010276

Sótt er um leyfi til að breyta eignarhluta 0001 í kjallara í aukaíbúð en þessi eignarhluti tilheyrir eignarhluta 0101 auk þess er ný inngangshurð suð-austurhlið hússins og önnur á norðaustanhlið hússins. Breytingar innanhúss felast í að hringstigi milli hæða er fjarlægður auk innanhússbreytinga í kjallararými 0001 og fyllt upp í hurðargat á milli eignarhluta 0001 og 0002. Erindi fylgir umsögn burðarpólsverkfræðings og yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### 24. Grensásvegur 1F - USK25010212

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN058797 þannig að innra skipulagi íbúðar 0705 og flóttaleiðum úr kjallara er breytt í íbúðar- og skrifstofuhúsi við Grensásveg 1a og 1f, mhl.02, á lóð nr. 1 við Grensásveg.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 12. október 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 9. mars 2021.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi.

Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang [eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is](mailto:eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is), um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

25. Hafnarstræti 18 - USK25010338

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi á öllum hæðum þannig að ..... í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 18 við Hafnarstræti.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar í afriti af tölvupósti dags. 30. janúar 2025 og greinargerð Örugg um brunavarnir útg. V02 dags. 8. janúar 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

26. Hagatorg 1 - USK25010125

Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í flokki II, teg. c á 1. hæð aðalbyggingar og til að breyta innra skipulagi í hluta kjallara og innrétta þar búningsherbergi og nýja ræstiaðstöðu í Hótel Sögu á lóð nr. 1 við Hagatorg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, brunahönnun dags. 28. janúar 2025 og bréf umsækjanda dags. 16. desember 2024 og 28. janúar 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi.

Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang [eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is](mailto:eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is), um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt.

Áskiliin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

27. Hraunbær 102A - USK25020046

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK24050106 vegna breytinga á brunalausnum á lóð nr. 102A við Hraunbær.

Frestað. Vísað til athugasemda.

28. Hólmgarður 30 - USK25010105

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057238 þannig að horfið er frá áformum um að reisa steypa viðbyggingu til suðurs ásamt steypum svölum á 2. hæð og þaksvölum ofan á 2 hæð. Í stað þess er sótt um að setja svalir framan við kvist á rishæð sem áður áttu að vera þaksvalir á húsi á lóð nr. 30 við Hólmgarð.

Frestað. Vísað til athugasemda.

29. Hólmgarður 46 - USK25010104

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24030045 með því að dýpka svalir í risi og sleppa svölum á annarri hæð á húsi á lóð nr. 46 við Hólmgarð.

Frestað. Vísað til athugasemda.

30. Kleppsvegur 150 - USK25020067

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24100309 þannig að komið er fyrir nýjum burðarsúlum og staðsetningu áður samþykktur burðarveggja er breytt vegna árekstra við lagnakerfi í leikskólanum Brákarborg á lóð nr. 150 við Kleppsveg. Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

31. Kuggavogur 26 - USK24090355

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057990 þannig að sótt er um heimild fyrir svalalokun í íbúð 0501 á lóð nr. 26 við Kuggavog. Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 2. maí 2023 og samþykki eiganda dags. 2. júní 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

32. Laufásvegur 11 - USK25010042

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í því að fyrrum heilsugæslu hefur verið breytt í íbúð 0101 í húsi á lóð nr. 11 við Laufásveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

33. Laugarnesvegur 84 - USK24100049

Sótt er um leyfi til að breyta íbúð 04 0401 með því að opna upp í þak og gera þar geymslu í húsi á lóð nr. 84 við Laugarnesveg. Stækkun 16,7 ferm og 110,8 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

34. Laugavegur 2 - USK24100346

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að umfang matsölu er minnkað og eldhúsi breytt í móttökueldhús í veitingarstað í flokki II tegund f fyrir ?? gesti í verslunar- og veitingarhúsi á lóð nr. 2 við Laugaveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 2. mars 2004 og afrit af aðaluppdrætti sem synjað var 14. júlí 2012.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

35. Lindargata 14 - USK25010127

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK24050087 þ.a.l. er hætt við hækkun þaks á lóð nr.14 við Lindargötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

36. Melar II - USK24110305

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við einbýlishús á lóðinni Melar II með landnúmer 125723.

Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra dags. 25. nóvember 2024, vottorð um starfsábyrgðartryggingu dags. 1. apríl 2024 og yfirlit breytinga.

Stækkun: 275,1 ferm., 1.155,4 rúmm.

Eftir stækkun: 401,3 ferm., 1.577,4 rúmm.

Grenndarkynningu lokið án athugasemda.

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

37. Nauthólsvegur 100 - Gámar/Nauthólsv. - USK24090081

Sótt er um stöðuleyfi fyrir 4 gáma á lóð nr.100 við Nauthólsveg. Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

Frestað. Vísað til athugasemda.

38. Selásbraut 98 - USK24110241

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23070145 sem snýr að stækkun á bílplani eftir lóðarstækkun, breyting á hjólaskýli og efsta þaki svala er breytt í steinsteypu. Erindinu fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

39. Skúlagata 28 - USK25010251

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055171 vegna lokaúttektar þannig að uppsetningu lyftu verður frestað og komið er fyrir snyrtingu fyrir hreyfihamlaða ásamt því að gerðar eru breytingar á brunamerkingum á 1. hæð í húsi á lóð nr. 28 við Skúlagötu.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 21. janúar 2025, svör við athugasemdum dags. 30. janúar 2025 og yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

40. Skúlagata 4 - USK25010274

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059608 með því að klæða útveggi með ljósgráum Dekto steinflisum að framanverðu en ljósgráum álplötum á bakhlið og viðbyggingu að aftanverðu í húsi nr. 4 við Skúlagötu. Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 11.nóvember 2024.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.



#### 41. Stuðlaháls 1 - USK25010335

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og brunavörnum vegna uppfærslu á tækjabúnaði í iðnaðar- og skrifstofuhúsi, mhl.01 auk þess sem mjólkurtankur, mhl.08, hefur verið fjarlægður á lóð nr. 1 við Stuðlaháls.

Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 21. janúar 2025, greinargerð Örugg verkfræðistofu um brunavarnir dags 30. janúar 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 14. júní 2005.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### 42. Stálhöfði 2 - USK24110324

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK24050360 þannig að fallið er frá hluta af kjallara -1, geymslur eru minnkaðar, innra skipulagi íbúða er breytt, þakfrágangur er uppfærður, lóðarhönnun er breytt, skábrautum breytt í tröppur, djúpgámum fækkað auk þess sem brunahönnun er breytt og skráningartafla uppfærð fyrir fjölbýlishús á lóð nr. 2 við Stálhöfða.

Breytt stærð: 19.383.5 ferm., 54.827.5 rúmm.

Erindi fylgir ódagsett yfirlýsing ÞG verks vegna fjölda djúpgáma, greinargerð Örugg verkfræðistofu um brunavarnir útgáfa V03 dags. 19. september 2024, greinargerð hönnuðar til skýringa á breyttum stærðum mannvirkis dags. 19. desember 2024, greinargerð hönnuðar dags. 26. nóvember 2024 og yfirlit breytinga á afriti óstimplaðra aðaluppdráttu.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

#### 43. Suðurgata 41 - USK24110244

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi í eldhúsi í Þjóðminjasafninu á lóð nr. 41 við Suðurgötu. Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 7. september 2010.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### 44. Sægarðar 15 - USK24110320

Tilkynnt er um framkvæmd sem felst í að reisa 360 m<sup>2</sup> tjaldskemmu til að nota sem bráðabirgða geymslu sem er einnig sýningarvara fyrir sölu á tjaldskemmulausnum á lóð nr. 15. við Sægarða. Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### 45. Sæviðarsund 100 - USK25020045

Sótt er um leyfi til þess að stækka með viðbyggingu við suðausturhlið einbýlishúss á lóð nr. 100 við Sæviðarsund.

Stækkun xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 11. febrúar 1965.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar og/eða til grenndarkynningar hjá skipulagsfulltrúa.

46. Tjarnargata 32 - USK24010244

Sótt er um leyfi að breyta innra fyrirkomulagi vegna aðgengismálum 1. hæðar í atvinnuhúsnæði á lóð nr. 32 við Tjarnargötu  
Erindi fylgir mæliblað dags. 31.1.1984

Frestað. Vísað til athugasemda.

47. Tunguháls 6 - USK24080135

Sótt er um leyfi til þess að breyta tilhögun lóðar, fjölga bílastæðum, setja upp stoðveggi og stálgirðingar, koma fyrir gámum og steiptum hólum fyrir jarðvegsúrgang á lóðarmörkum lóðar nr. 8 við Tunguháls, færa innkeyrslu til suðurs að lóðarmörkum lóðar nr. 2 við Tunguháls, rífa tvo kornsílóa, mhl.02 og mhl.03 og til þess að stækka með 1- 4-hæða viðbyggingu auk kjallara fyrir verkstæði, lager, skrifstofu- og starfsmannaðstöðu, meðfram austurhlíð iðnaðarhúss á lóð nr. 6 við Tunguháls.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir samþykki aðliggjandi lóðarhafa á teikningum dagsettum 13. júní og 16. nóvember 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 18. maí 2021.

Frestað. Vísað til athugasemda.

48. Tunguvegur 19 - USK25010129

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN052227 vegna lokaúttektar á lóð nr. 19 við Tunguvegi

Frestað. Vísað til athugasemda.

49. Tunguvegur 28 - USK25010162

Sótt er um leyfi til þess að stækka einbýlishús og lækka kjallara á lóð nr. 28 við Tunguvegi.  
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. febrúar 2025 fylgir erindi.  
Erindi fylgir mæliblað 1.833.1 dags.26.7.2012 og hæðarblað 1.1.2404 dags. 3.2006

Frestað. Vísað til athugasemda. Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. febrúar 2025.

50. Urðarbrunnur 96 - USK24090291

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt tveggja hæða einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu, einangrað og klætt að utan á lóð nr. 96 við Urðarbrunn.

Stærð: 260.9 ferm., 807.0 rúmm.

Samskonar erindi, BN059341, var samþykkt 25. janúar 2021, en er fallið úr gildi þar sem ekki var gefið út byggingarleyfi.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar vegna hæðakóta og lóðarmarkar dags. 3. febrúar 2025, greinargerð hönnuðar dags. 21. september 2024, greinargerð hönnunarstjóra dags.

september 2024, ódagsett fylgirit með skýringum hönnuðar og teikningum, mæliblað 5.054.3 dags. 11. september 2020 og hæðablað 5.054.3 útg. B3 dags. október 2020.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

#### 51. Urðarstígur 16 - USK24100345

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun íbúðarhúss í gististað í flokki II tegund g, fyrir allt að 10 gesti og bæta við flóttaleið með því að gera brú yfir kjallarainngang á vesturhlíð húss á lóð nr. 16 við Urðarstíg.

Erindi afgreiðist samhliða erindi USK24040268 umsókn um áður gerðar breytingar.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 24. október 2024 og sem hluti af teikningasetti, yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 13. nóvember 1986.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

#### 52. Urðarstígur 16 - USK24040268

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og útliti þannig að stigi á milli kjallara og 1. hæðar er fjarlægður, komið fyrir snyrtingu inn af þvottahúsi og innra skipulagi breytt, viðbygging var aðeins byggð að hluta og gryfju meðfram norðurgafli hefur verið lokað af að hluta og er nýtt sem inntaksrymi fyrir íbúðarhús á lóð nr. 16 við Urðarstíg. Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 24. október 2024, skýrsla um húsaskoðun dags. 6. ágúst 2024, greinargerð brunavarna dags. 23. apríl 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 13. nóvember 1986.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### 53. Vogaland 12 - USK24110062

Sótt er um leyfi til þess að fjölga eignum og fá samþykkt áður gerða ósamþykktu íbúð í kjallara einbýlishúss á lóð nr. 12 við Vogaland.

Frestað. Vísað til athugasemda.

**Fundi slitið kl. 11:55**

Brynjar Þór Jónasson

Edda Þórsdóttir  
Sigrún Reynisdóttir  
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir

Margrét Pálína Cassaro  
Sigurður Stefán Karlsson